

Bæjarstjórn - 19

FUNDARBOÐ

19. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 30. nóvember 2023 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2310006F - Dreifbýlisráð - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar dreifbýlisráðs.
- 2. 2310004F - Skipulagsnefnd - 15**
Lögð fram fundargerð 15. fundar skipulagsnefndar.
- 3. 2311001F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 31**
Lögð fram fundargerð 31. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.
- 4. 2311007F - Bæjarráð - 16**
Lögð fram fundargeðr 16. fundar bæjarráðs Stykkishólms.

Erindi til kynningar

- 5. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 6. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands**
Lögð fram fundargerð frá 186. fundi heilbrigðisnefndar Vesturlands.
- 7. 2310032 - Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**
Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga til sveitarstjórnar vegna ársreiknings 2022.
- 8. 2310034 - Umsagnarbeiðni vegna kristinfræðikennslu í grunnskólum**
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar um grunnskóla (kristinfræðikennsla), 47. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 9. nóvember nk.

9. 2311008 - Bráðabirgða níu mánaða uppgjör 2023

Lagt fram níu mánaða bráðabirgðauppgjör.

10. 2310031 - Ágóðahlutagreiðsla 2023

Lagt fram erindi frá Brunabótafélagi Íslands þar sem fram kemur að á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ hafi verið samþykkt að áfram muni hluti hagnaðar af starfsemi félagsins vera greiddur út til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

11. 2208030 - Gagnaveita Helgafellssveitar

Lögð fram samþykkt um Gagnaveitu Helgafellssveitar ásamt bókun hluthafa.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

12. 2311001 - Dreifbýlisráð - Erindisbréf

Lögð fram drög að erindisbréfi fyrir dreifbýlisráð. Bæjarráð samþykkti á 16. fundi sínum erindisbréf fyrir dreifbýlisráð og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja það.

13. 2202020 - Hamraendi 6-8 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lagður fram lóðaleigusamningur fyrir Hamraenda 6-8. Á 16. fundi sínum samþykkti bæjarráð lóðaleigusamning fyrir Hamraenda 6-8 og fól bæjarstjóra að undirrita þá fyrir hönd sveitarfélagsins.

14. 2311007 - Víkurhverfi dsk br - 12 íbúðir fyrir Brák

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis vegna íbúða fyrir Brák íbúðafélag hses. eftir uppfærslu í samræmi við afgreiðslu á 12. fundi skipulagsnefndar 19. júní sl. sem staðfest var í bæjarráði, í fjarveru bæjarstjórnar vegna sumarleyfa, 22. júní sl.

Á 15. fundi sínum taldi skipulagsnefnd að um verulega skipulagsbreytingu sé að ræða og samþykkti fyrir sitt leyti að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í samræmi við 1. mgr. 43. gr. þó án skipulagslýsingar og kynningar vinnslutillögu sbr. 3. og 4. mgr. 40. gr. laganna.

Bæjarráð staðfesti, á 16. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í samræmi við 1. mgr. 43. gr. þó án skipulagslýsingar og kynningar vinnslutillögu sbr. 3. og 4. mgr. 40. gr. laganna.

15. 2310004 - Jónsnes - framkvæmdaleyfi fyrir veg

Lögð fram umsókn Jónsness ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir aðkomuvegi í Jónsnes samkvæmt fyrirbyggjandi uppdrætti sem sýnir vegstæði frá Vogsbotni á milli Ögursvatns og Hofstaðavatns eftir Hellisási, Arnarási og Skálaholti að Jónsnesi.

Þann 29. september sl. bárust skipulagsfulltrúa ábendingar um að framkvæmdir við veginn væru hafnar án framkvæmdaleyfis og stöðvaði skipulagsfulltrúi framkvæmdirnar samstundis í samræmi við 53. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lið f) í 2. gr. viðauka 3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í Samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.

Þar sem vegurinn er ekki á skipulagi og liggur að hluta til um svæði, sem í gildandi Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er skilgreint sem náttúruverndarsvæði (almenn náttúruvernd), vísaði skipulagsfulltrúi afgreiðslu málsins til skipulagsnefndar í samræmi við 4. gr. ofangreindrar samþykktar, en samkvæmt greininni gerir skipulagsnefnd tillögu til bæjarráðs sem tekur ákvörðun um fullnaðarafgreiðslu málsins.

Á 14. fundi sínum taldi skipulagsnefnd framkvæmdina vera framkvæmdaleyfisskylda sbr. 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Nefndin óskaði eftir skriflegu samþykki landeigenda Ögurs og Hofstaða og verklýsingu í samræmi við 7. gr. reglugerðarinnar. Þegar þessi gögn hafa borist, fól nefndin skipulagsfulltrúa að óska eftir umsögnum Vegagerðarinnar, Minjastofnunar, Náttúrustofu Vesturlands, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar. Þar sem ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag og vegurinn er ekki sýndur á aðalskipulagsupprætti, fól nefndin skipulagsfulltrúa að óska eftir álit Skipulagsstofnunar hvort vegurinn teljist skipulags- og/eða matsskyldur sbr. 9. gr. reglugerðarinnar. Framkvæmdaleyfi verður ekki gefið út fyrr en ofangreind gögn liggja fyrir og sveitarfélagið hefur tekið afstöðu til athugasemda sem kunna að berast. Stöðvun framkvæmda er því í gildi áfram eða þar til framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út.

Á 15. fundi sínum staðfesti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar.

Í samræmi við afgreiðslu málsins óskaði skipulagsfulltrúi eftir umsögn skipulagsstofnunar hvað varðar mögulega skipulagsskyldu og/eða umhverfismatsskyldu og var lögð fyrir 18. fund bæjarstjórnar tillaga að afgreiðslu í samræmi við álit skipulagsstofnunar og ráðleggingar skipulagsfulltrúa. Þar kemur fram að þegar Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 var unnið, var Jónsnes skráð sem jörð í byggð en enginn vegur sýndur að jörðinni á aðalskipulagsupprætti eins og gert var við aðrar jarðir í byggð (skilgreindir sem ?aðrir vegir?). Í samræmi við framangreindar ráðleggingar féllst bæjarstjórn á að vinna þurfi breytingu á aðalskipulagi í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eða óverulega breytingu sé það mögulegt.

Lagt er fram nýtt álit skipulagsfulltrúa, dags. 17. nóvember 2023, þar sem embættið telur ekki að fara þurfi fram breyting á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 vegna umræddrar veglagningar.

Á 16. fundi sínum samþykkti bæjarráð með vísan til fyrirliggjandi álits skipulagsfulltrúa að ekki sé talin þörf á breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2014 vegna umræddrar veglagningar og vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2310008 - Umsókn um byggingarheimild - Helgafell

Jóhanna Kristín Hjartardóttir sækir um leyfi fyrir byggingu þriggja frístundahúsa í landi Helgafells ásamt stofnun nýrra lóða samhliða því.

Þar sem að ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið vísaði byggingarfulltrúi málinu til afgreiðslu í skipulagsnefnd.

Samkvæmt Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 er á landbúnaðarsvæðum heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt að reisa þrjú frístundahús á jörðum eða jarðaspildum sem eru 10 ha eða stærri. Fjöldi þegar byggðra stakra frístundahúsa dregst frá heimildinni. Húsin verða að standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum og mælst til þess að þau séu í nágrenni við hvort annað. Framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar. Helgafell er 94 ha jörð. Fyrir eru tvö íbúðarhús og lóðir fyrir þrjú frístundahús.

Á 15. fundi sínum gerði skipulagsnefnd ekki athugasemd við umsókn Jóhönnu Hjartardóttur um byggingu þriggja frístundahúsa í landi Helgafells í samræmi við fyrirliggjandi gögn og að stofnuð verði lóð. Horfir skipulagsnefnd meðal annars til afgreiðslu 1. fundar dreifbýlisráðs og til þess að fyrir liggur undirritað skjal frá öllum hagaðilum á svæðinu sem samþykkja áformin. Horfir skipulagsnefnd einnig til afgreiðslu 15. fundar bæjarstjórnar vegna sambærilegs máls við Lyngholt í landi Helgafells sem var samþykkt samhljóða í bæjarstjórn. Telur skipulagsnefnd ekki forsendur til þess að fara gegn þeirri stefnumörkun bæjarstjórnar og bókun dreifbýlisráðs.

Á þessum grunni vísar skipulagsnefnd erindinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla 15. fundar skipulagsnefndar er lögð fram til staðfestingar.

Á 16. fundi sínum samþykkti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

17. 2310042 - Byggingaheimildir í dreifbýli

Á fyrsta fundi dreifbýlisráðs fjallaði skipulagsfulltrúi um heimildir til uppbyggingar í dreifbýlinu samkvæmt aðalskipulagi Helgafellssveitar.

Dreifbýlisráð lagði áherslu á að sveitarfélagið haldi sig við þá stefnumörkun og ákvarðanir sem sveitarstjórn Helgafellssveitar tók fyrir sameiningu hvað varðar túlkun á aðalskipulagi þar til aðalskipulagsbreyting verði gerð sem breyti þeirri stefnumörkun. Dreifbýlisráðið lagði áherslu á heilstætt mat fari fram hverju sinni, sér í lagi á bótaábyrgð sveitafélagsins.

Dreifbýlisráð lagði jafnframt til að málsgrein í kafla 4.1. í aðalskipulagi varðandi kröfu um deiliskipulag verði endurskoðað vegna þeirrar óvissu og óskýrleika sem málsgreinin hefur valdið.

Á 15. fundi skipulagsnefndar lagði skipulagsnefnd jafnframt til að felld verði út eftirfarandi setning í kafla 4.1 í aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024: "Framkvæmdir skv. liðum eru allar deiliskipulagsskyldar", vegna óskýrleika ákvæðisins eins og dreifbýlisráðið hefur bent á, og á meðan unnið er að því að fella setninguna úr aðalskipulagi verði ný mál ekki tekin til afgreiðslu án deiliskipulags frá og með samþykkt bæjarstjórnar á tillögu þessari.

Eftir að kvöðin verður felld úr aðalskipulagi gefst ráðrúm til að vinna með íbúum í dreifbýli og dreifbýlisráði að endurskoðun byggingarheimilda samkvæmt aðalskipulagi.

Á 16. fundi sínum samþykkti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

18. 2310007 - Umsókn um byggingarheimild - Vatnsás 18

Golfklúbburinn Mostri sækir um vegna breytingu á golfskála og viðbyggingu við hann samkv. uppdráttum frá W7.

Þar sem að ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið vísaði byggingarfulltrúi málinu til afgreiðslu í skipulagsnefnd.

Skipulagsnefnd samþykkti á 15. fundi sínum, framlögð byggingaráform en nefndin taldi grenndaráhrif vera lítil sem engin og því ekki þörf á að grenndarkynna áformin sbr. 3.

mgr. 44. gr. skipulag laga nr. 123/2010.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er lögð fram til staðfestingar.

Á 16. fundi sínum samþykkti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

19. 2306044 - Sæmundarreitur 8 - óv br deiliskipulag

Lögð er fram athugasemd sem barst úr grenndarkynningu vegna umsóknar Jóns Ragnars Daðasonar um að byggja 18,2 m² sólskála við Sæmundarreit 8 (áður Sæmundarreitur 5).

Húsið var reist árið 1906 og stóð áður við Laugaveg 27b í Reykjavík og nýtur friðunar vegna aldurs sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar (flutningsleyfi veitt árið 2015). Meðfylgjandi er álit minjavarðar Vesturlands dags. 22.06.2023 þar sem hann heimilar byggingu sólskála skv. teikningum dags. 25.4.2023 og minnir á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 varðandi viðbrögð komi fornleifar í ljós við framkvæmdir. Við breytinguna stækkar byggingarreiturinn um 3,5m x 5,5m.

Þar sem sólskáli telst vera viðbygging sem staðsetja þurfi innan byggingarreits skv. gildandi deiliskipulagi frá 2016 m.s.br., taldi skipulagsnefnd á 13. fundi sínum þann 16. ágúst 2023 að breytingin kallaði á óv. br. á deiliskipulagi sem grenndarkynna þyrfti fyrir aðliggjandi lóðarhöfum í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 13. fundi sínum þann 21. ágúst sl.

Grenndarkynningin fór fram 9. október með athugasemdafrest til og með 6. nóvember.

Á 15. fundi sínum taldi skipulagsnefnd innsenda athugasemd réttmæta og að sólskáli skuli ekki hindra útsýni frá nærliggjandi húsum við Sæmundarreit. Á þeirri forsendu hafnaði nefndin framlagðri tillögu.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er lögð fram til staðfestingar. Bæjarráð samþykkti afgreiðslu skipulagsnefndar á 16. fundi sínum.

20. 2310024 - Þingskálanes, Hamrar, Gæsatangi - deiliskipulag

Lögð fram til afgreiðslu tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Þingskálanes, Hamra og Gæsatanga í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áður hafði sveitarfélagið heimilað landeigendum að hefja vinnu við gerð deiliskipulags Þingskálanes í samræmi við 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigandi telur allar meginforsendur deiliskipulagstillögunnar vera í samræmi við í gildandi Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 og óskar eftir undanþágu frá gerð skipulagsslýsingar sbr. gr. 5.2.2. í skipulagsreglugerð nr 90/2013 m.s.br. Með meginforsendum er átt við stefnu um áherslur og uppbyggingu landnotkunarreita svo sem varðandi nánari notkun á einstökum reitum, þéttleika og byggðamynstur eða umfang auðlindanýtingar.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 15. fundi sínum, fyrir sitt leyti að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Þingskálanes, Hamra og Gæsatanga í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin taldi allar meginforsendur tillögunnar vera í samræmi við aðalskipulag og kalli því ekki á skipulagsslýsingu sbr. 2. mgr. 5.2.2. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og kynningu vinnslutillögu sbr. 4. mgr. 40. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010.

Nefndin fól skipulagsfulltrúa að vinna með landeiganda og skipulagsráðgjafa að því að uppfæra tillöguna í samræmi við umræður á fundinum, m.a. varðandi stærð bygginga, og auglýsa tillöguna að því loknu.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er lögð fram til staðfestingar. Bæjarráð staðfestri, á 16. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og í samræmi við afgreiðslu skipulagsnefndar lagði bæjarráð til við bærarstjórn að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Þingskálanes, Hamra og Gæsatanga í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

21. 2311017 - Reglur sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu - Miðstöð öldrunarþjónustu

Lögð drög að reglum sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu vegna þjónustu Höfðaborgar.

Bæjarráð samþykkti reglurnar á 16. fundi sínum og vísaði til fyrri umræðu í bærarstjórn.

22. 2311015 - Samþykkt um gatnagerðargjald og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum

Lögð fram ný samþykkt um gatnagerðargjöld og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum og öðrum samanburðargögnum.

Bæjarráð samþykkti, á 16. fundi sínum, gatnagerðargjöld og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum og vísaði þeim til fyrri umræðu í bærarstjórn.

23. 2303004 - Viljayfirlýsing vegna skipta á lóðum

Bærarstjórn samþykkti á 10. fundi sínum að veita bæjarráði fullnaðarumboð til þess að ganga frá og samþykkja viljayfirlýsingu vegna skipta á lóðum við Asco Harvester, sbr. fyrirliggjandi drög, þegar minnisblað Landslaga vegna málsins lægi fyrir. Minnisblað Landslaga er lagt fram.

Bæjarráð samþykkti á 16. fundi sínum að ganga til samninga við Asco Harvester ehf., kt. 630216-0360, nú Isea ehf., um skipti á lóðum, Nesvegi 22A, L137230, F2116017 og nýrri óbyggð 23800 m² lóð merkt Nesvegur 25 á deiliskipulagi, með vísan til fyrirliggjandi álit lögmanns. Bærarstjóra var falið að ganga frá samningi í samræmi við fyrirliggjandi gögn og upplýsingar og undirrita samning um skipti á lóðum.

24. 2311012 - Viðauki 5 við Fjárhagsáætlun 2023-2026

Lagður fram viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2023-2026. Bæjarráð samþykkti viðauka 5 við Fjárhagsáætlun 2023-2026 á 16. fundi sínum og lagði til við bærarstjórn að samþykkja hann.

25. 1808022 - Minnispunktar bærarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bærarstjóra.

28.11.2023

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.